3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

Nr. 52 26. maí 2001

# LÖG

## um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

2. gr.

1. tölul. 6. gr. laganna orðast svo: ef umsækjandi eða einhver sem í húsnæðinu býr með honum er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða rétt til húsaleigubóta. Undanþága þessi gildir einnig um námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum.

4. gr.

Við 1. tölul. 11. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Páll Pétursson.*